

ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2004/EES/9/11

frá 17. október 2001

um breytingu á viðaukunum við ákvörðun ráðsins 97/101/EB um að taka upp gagnkvæm skipti á upplýsingum og gögnum frá netkerfum og einstökum stöðvum sem mæla loftmengun í aðildarríkjunum (*)

(tilkynnt með númeri C(2001) 3093)

(2001/752/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 97/101/EB frá 27. janúar 1997 um að taka upp gagnkvæm skipti á upplýsingum og gögnum frá netkerfum og einstökum stöðvum sem mæla loftmengun í aðildarríkjunum ⁽¹⁾, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun 97/101/EB er mælt fyrir um kerfi um skipti á upplýsingum og gögnum um loftmengun í andrúmslofti.
- 2) Rétt þykir að breyta viðaukunum við þá ákvörðun til að aðhæfa bæði skrána yfir mengunarefni og kröfurnar um frekari upplýsingar, fullgildingu og samantekt.

- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 2. mgr. 12. gr. tilskipunar ráðsins 96/62/EB ⁽²⁾.

SAMBÝKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við þessa ákvörðun kemur í stað viðaukanna við ákvörðun 97/101/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. október 2001.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Margot WALLSTRÖM

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 282, 26.10.2002, bls. 69. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2002 frá 8. nóvember 2002 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 4, 23.1.2003, bls. 11.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 35, 5.2.1997, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 296, 21.11.1996, bls. 55.

VIDAUKI

„I. VIDAUKI

SKRÁ YFIR MENGUNAREFNI, TÖLFRÆDILEGAR FÆRIBREYTUR OG MÆLIEININGAR

1. Mengunarefni sem talin eru upp í I. viðauka við tilskipun 96/62/EB um loftgæði
2. Mengunarefni sem ekki eru talin upp í I. viðauka við tilskipun 96/62/EB um loftgæði

Mengunarefni, sem skylt er geta í skýrslum samkvæmt öðrum tilskipunum en tilskipun 96/62/EB, eru tilgreind í 3. lið undir nr. 14 og 15. Mengunarefni, sem er því aðeins skylt að tilgreina að fyrir liggja gögn um þau, eru tilgreind undir nr. 16 til 63.

3. Mengunarefni, mælieiningar og meðaltímar:

Nr.	ISO-kóði ⁽¹⁾	Formúla	Heiti mengunarefnis	Mælieiningar ⁽²⁾	Meðaltal fyrir ⁽³⁾	Gefið upp sem	Viðeigandi tilskipanir ⁽⁴⁾
Mengunarefni sem talin eru upp í I. viðauka við tilskipun 96/62/EB um loftgæði							
1	01	SO ₂	brennisteinsdíoxíð	µg/m ³	1 klst.		1999/30/EB 80/779/EBE 89/427/EBE ⁽⁵⁾
2	03	NO ₂	köfnunarefnisdíoxíð	µg/m ³	1 klst.		1999/30/EB 85/203/EBE
3	24	PM ₁₀	svifryk (<10 µm)	µg/m ³	24 klst.		1999/30/EB 96/62/EBE
4	39	PM _{2,5} ⁽⁶⁾	svifryk (<2,5 µm)	µg/m ³	24 klst.		1999/30/EB 96/62/EBE
5	22	SPM	svifryk (samtals)	µg/m ³	24 klst.		80/779/EBE 89/427/EBE
6	19	Pb	blý	µg/m ³	24 klst.		1999/30/EBE 82/884/EB
7	08	O ₃	óson	µg/m ³	1 klst.		92/72/EBE
8	V4	C ₆ H ₆	bensen	µg/m ³	24 klst.		96/62/EB 2000/69/EB
9	04	CO	kolsýringur	µg/m ³	1 klst.		96/62/EB 2000/69/EB
10	82	Cd ⁽⁷⁾	kadmíum	ng/m ³	24 klst.		96/62/EB
11	80	As	arsen	ng/m ³	24 klst.		96/62/EB
12	87	Ni	nikkel	ng/m ³	24 klst.		96/62/EB
13	85	Hg	kvikasilfur	ng/m ³	24 klst.		96/62/EB
Mengunarefni sem skylt er að geta í skýrslum samkvæmt öðrum tilskipunum ESB							
14	11	BS	sót	µg/m ³	24 klst.		80/779/EBE 89/427/EBE
15	35	NO _x	köfnunarefnisoxíð	µg/m ³	1 klst.	NO ₂ - jafngildi	1999/30/EB
Önnur mengunarefni ⁽⁸⁾							
16	V8	C ₂ H ₆	etan	µg/m ³	24 klst.		
17	V9	H ₂ C=CH ₂	eten (etýlen)	µg/m ³	24 klst.		
18	V3	HC=CH	etýn (asetýlen)	µg/m ³	24 klst.		

Nr.	ISO-kóði ⁽¹⁾	Formúla	Heiti mengunarefnis	Mæli-einingar ⁽²⁾	Meðaltal fyrir ⁽³⁾	Gefið upp sem	Viðeigandi tilskipanir ⁽⁴⁾
19	VN	H ₃ C-CH ₂ -CH ₃	própan	µg/m ³	24 klst.		
20	VP	CH ₂ =CH-CH ₃	própen	µg/m ³	24 klst.		
21	V6	H ₃ C-CH ₂ -CH ₂ -CH ₃	n-bútan	µg/m ³	24 klst.		
22	V5	H ₃ C-CH(CH ₃) ₂	ísóbútan	µg/m ³	24 klst.		
23	V1	H ₂ C=CH-CH ₂ -CH ₃	1-búten	µg/m ³	24 klst.		
24	V2	H ₃ C-CH=CH-CH ₃	trans-2-búten	µg/m ³	24 klst.		
25	V7	H ₃ C-CH=CH-CH ₃	sis-2-búten	µg/m ³	24 klst.		
26	V0	CH ₂ =CH-CH=CH ₂	1,3-bútadíen	µg/m ³	24 klst.		
27	VK	H ₃ C-(CH ₂) ₃ -CH ₃	n-pentan	µg/m ³	24 klst.		
28	V1	H ₃ C-CH ₂ -CH(CH ₃) ₂	ísópentan	µg/m ³	24 klst.		
29	VL	H ₂ C=CH-CH ₂ -CH ₂ -CH ₃	1-penten	µg/m ³	24 klst.		
30	VM	H ₃ C-HC=CH-CH ₂ -CH ₃	2-penten	µg/m ³	24 klst.		
31	VF	H ₂ C=CH-C(CH ₃)=CH ₂	ísópren	µg/m ³	24 klst.		
32	VD	C ₆ H ₁₄	n-hexan	µg/m ³	24 klst.		
33	á ekki við ⁽⁹⁾	(CH ₃) ₂ -CH-CH ₂ -CH ₂ -CH ₃	i-hexan	µg/m ³	24 klst.		
34	VC	C ₇ H ₁₆	n-heptan	µg/m ³	24 klst.		
35	VH	C ₈ H ₁₈	n-oktan	µg/m ³	24 klst.		
36	VG	(CH ₃) ₃ -C-CH ₂ -CH-(CH ₃) ₂	ísóoktan	µg/m ³	24 klst.		
37	VQ	C ₆ H ₅ -CH ₃	tolúen	µg/m ³	24 klst.		
38	VA	C ₆ H ₅ -C ₂ H ₅	etýlbensen	µg/m ³	24 klst.		
39	VU	m-, p-C ₆ H ₄ (CH ₃) ₂	m-, p-xýlen	µg/m ³	24 klst.		
40	VV	o-C ₆ H ₄ -(CH ₃) ₂	o-xýlen	µg/m ³	24 klst.		
41	VS	C ₆ H ₃ -(CH ₃) ₃	1,2,4-trímetýlbensen	µg/m ³	24 klst.		
42	VR	C ₆ H ₃ (CH ₃) ₃	1,2,3-trímetýlbensen	µg/m ³	24 klst.		
43	VT	C ₆ H ₃ (CH ₃) ₃	1,3,5-trímetýlbensen	µg/m ³	24 klst.		
44	VB	HCHO	formaldehýð	µg/m ³	1 klst.		
45	20	THC (NM)	heildarvetniskolefni, önnur en metan	µg/m ³	24 klst.	C-jafngildi	

Nr.	ISO-kóði ⁽¹⁾	Formúla	Heiti mengunarefnis	Mæli-einingar ⁽²⁾	Meðaltal fyrir ⁽³⁾	Gefið upp sem	Viðeigandi tilskipanir ⁽⁴⁾
46	10	SA	mjög súr mengunarefni	µg/m ³	24 klst.	SO ₂ -jafngildi	82/459/EBE (valkostur við SO ₂)
47	á ekki við	PM ₁	svifryk (<1 µm)	µg/m ³	24 klst.		96/62/EB
48	16	CH ₄	metan	µg/m ³	24 klst.		
49	83	Cr	króm	ng/m ³	24 klst.		
50	90	Mn	mangan	ng/m ³	24 klst.		
51	05	H ₂ S	vetnissúlfíð	µg/m ³	24 klst.		
52	á ekki við	CS ₂	koldísúlfíð	µg/m ³	1 klst.		
53	á ekki við	C ₆ H ₅ -CH=CH ₂	stýren	µg/m ³	24 klst.		
54	á ekki við	CH ₂ =CH-CN	akrýlnítríl	µg/m ³	24 klst.		
55	H3	C1CHCC1 ₂	tríklóretýlen	µg/m ³	24 klst.		
56	H4	C ₂ C1 ₄	tetraklóretýlen	µg/m ³	24 klst.		
57	á ekki við	CH ₂ C1 ₂	díklórmetan	µg/m ³	24 klst.		
58	P6	BaP	bensó(a)pýren	ng/m ³	24 klst.		
59	á ekki við	VC	vinýlklóríð	µg/m ³	24 klst.		
60	09	PAN	peroxyasetýlnítrat	µg/m ³	1 klst.		
61	21	NH ₃	ammoníak	µg/m ³	24 klst.		
62	á ekki við	N-ákoma	vot ákoma köfnunarefnis	mg/(m ² *mán.)	1 mánuð	N-jafngildi	
63	á ekki við	S-ákoma	vot ákoma brennisteins	mg/(m ² *mán.)	1 mánuð	S-jafngildi	

⁽¹⁾ ISO 7168-2: 1999.

⁽²⁾ Nota skal a.m.k. tvo tölustafi fyrir hvert upp gefið gildi, t.d. 1,4 mg/m³ eða 21 µg/m³.

⁽³⁾ Í sumum mæliaðferðum er sýnatökutíminn frá fæinum mínútum og upp í nokkrar vikur. Í slíkum tilvikum má gefa upp gildi með raunverulega meðaltímanum sem er frábrugðinn þeim meðaltímanum sem eru tilgreindir í þessum dálki.

⁽⁴⁾ Tilskipanir sem eru í gildi þegar endurskoðuðu viðaukarnir við ákvörðunina um skipti á upplýsingum taka gildi.

⁽⁵⁾ Breyting á tilskipun 80/779/EBE.

⁽⁶⁾ Engin tilvísunaraðferð liggur fyrir að því er varðar PM_{2,5} (svifryk) þegar endurskoðuðu viðaukarnir við ákvörðunina um skipti á upplýsingum taka gildi.

⁽⁷⁾ Sem stendur er unnið að löggjöf bandalagsins fyrir þungmálma og fjölarómatis kolvatnsefni (PAH) og er þess einkum vænst að hún leiði til þess að gerð verði skrá yfir sérstök fjölarómatis kolvatnsefni og að lagðar verði fram tillögur um nauðsynlegar breytingar á þessari ákvörðun.

⁽⁸⁾ Ef gögn liggja fyrir.

⁽⁹⁾ Gögn liggja ekki fyrir.

4. Gögn sem eru reiknuð út á almanaksárinu og skulu send framkvæmdastjórninni

Aðildarríkin skulu framsenda óunnin gögn eða óunnin gögn og tölfræðilegar upplýsingar.

Eftirfarandi, tölfræðilegu upplýsinga er krafist að því er varðar þau aðildarríki sem framsenda óunnin gögn og tölfræðilegar upplýsingar:

— Vegna mengunarefna 1 – 61:

meðaltal, miðgildi, hundraðshlutamark 98 (og hundraðshlutamark 99,9 sem er valfrjálst að senda að því er varðar mengunarefni sem klukkustundarmeðaltal er reiknað út fyrir) og hámark, sem er reiknað út frá önnum gögnum sem svara til þeirra tímabila sem mælt er með til útreiknings á meðaltali og gefin eru upp í töflunni hér á undan,

— vegna mengunarefna 62 og 63:

heildarákoma í mánuði, reiknuð út frá önnum gögnum sem svara til þeirra tímabila sem mælt er með til útreiknings á meðaltali og gefin eru upp í töflunni hér á undan.

Y-hundraðshlutamarkið skal valið út frá gildum sem hafa í raun verið mæld. Öllum gildunum skal raðað eftir vaxandi stærð:

$$X_1 \leq X_2 \leq X_3 \leq \dots \leq X_k \leq \dots \leq X_{N-1} \leq X_N$$

Y-hundraðshlutamarkið er styrkurinn X_k þar sem gildið fyrir k er reiknað sem hér segir:

$$k = (q \times N)$$

þar sem q er jafnt $y/100$ og N er fjöldi raunverulegra mæligilda.

Gildið fyrir $(q \times N)$ skal námundað að næstu heilu tölu.

Allar niðurstöður skulu gefnar upp miðað við eftirfarandi hita og þrýsting: 293 K og 101,3 kPa, nema að því er varðar mengunarefni 62 og 63. Gögn, sem varða efnisþætti í formi agna, skulu frá og með árinu 2001 gefin upp miðað við umhverfisskilyrði.

5. Sending gagna til framkvæmdastjórnarinnar:

Gögn skulu send með einu af eftirfarandi sniði: útvíkkuðu sniði í 2. útgáfu ISO 7168, NASA-AMES 1001/1010 eða DEM-samhæfðu sniði ⁽¹⁾, eða send beint í DEM-gagnagrunninn:

Framkvæmdastjórnin staðfestir móttöku gagna og fjölda stöðva og mengunarefna.

⁽¹⁾ Data exchange module (forritseining fyrir gagnaskipti) sem framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna leggur til.

II. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR UM NETKERFI, STÖÐVAR OG MÆLITÆKNI

Aðildarríkin skulu gefa skýrslur um eftirfarandi liði: I.1, I.4.1 til I.4.4, I.5, II.1.1, II.1.4, II.1.8, II.1.10, II.1.11 og II.2.1. Veita skal eins miklar upplýsingar og unnt er um aðra liði:

- I. UPPLÝSINGAR UM NETKERFI
- I.1. **Heiti**
- I.2. **Skammstöfun,**
- I.3. **Gerð netkerfis (staðbundinn iðnaður, bær/borg, þéttbýli, sýsla, hérað, allt landið, alþjóðlegt o.s.frv.)**
- I.4. **Aðili sem ber ábyrgð á rekstri netkerfisins**
- I.4.1. Heiti
- I.4.2. Nafn ábyrgðarmanns
- I.4.3. Heimilisfang
- I.4.4. Síma- og bréfasímanúmer
- I.4.5. Netfang
- I.4.6. Veffang
- I.5. **Tímatilvísun (máltími (UTC), staðartími)**
- II. UPPLÝSINGAR UM STÖÐVAR
- II.1. **Almennar upplýsingar**
- II.1.1. Heiti stöðvarinnar
- II.1.2. Heiti bæjar/borgar ef við á
- II.1.3. Innlent og/eða staðbundið tilvísunarnúmer eða kóði
- II.1.4. Stöðvarkóði sem er gefinn samkvæmt þessari ákvörðun og framkvæmdastjórnin úthlutar
- II.1.5. Heiti tækniáðila sem annast stöðina (ef hann er annar en sá sem ber ábyrgð á netkerfinu)
- II.1.6. Stofnanir eða áætlanir sem taka við gögnum (fyrir efnasamband, ef við á) (staðbundnar, innlendar, framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, Alþjóðlega umhverfiseftirlitið (GEMS), Efnahags- og framfarastofnunin (OECD), EMEP o.s.frv.)
- II.1.7. Markmið með vöktuninni (eftirlit með því að farið sé að kröfum í lagagerningum, mat á váhrifum (á heilbrigði manna og/eða vistkerfi og/eða efni), greining á þróun, mat á losun o.s.frv.)
- II.1.8. Landfræðileg hnit (skv. ISO 6709: lengdar- og breiddargráða og hæð yfir sjávarmáli)
- II.1.9. Hagskýrslusvæðaflokkun (NUTS) IV (nomenclature des unités territoriales statistiques)
- II.1.10. Mæld mengunarefni
- II.1.11. Mældar veðurfæribreytur
- II.1.12. Aðrar viðeigandi upplýsingar: ríkjandi vindátt, hlutfallið milli fjarlægðar frá nálægum hindrunum og hæðar þeirra o.s.frv.
- II.2. **Flokkun stöðvar**
- II.2.1. *Tegund svæðis*
- II.2.1.1. Þéttbýli:
svæði með samfelldri byggð
- II.2.1.2. Úthverfi:
að mestu byggt svæði: byggð með auðum svæðum inni á milli í bland við óbyggð svæði (smá vötn, skógar, land nýtt til landbúnaðar)

- II.2.1.3. Dreifbýli ⁽¹⁾:
öll svæði sem uppfylla ekki viðmiðanir um þéttbýli/úthverfi
- II.2.2. Tegund stöðvar með tilliti til upptaka ríkjandi losunar
- II.2.2.1. Umferð:
stöðvar á stöðum þar sem umfang mengunar ákvarðast að mestu af losun frá nálægum vegi/götu
- II.2.2.2. Iðnaður:
stöðvar á stöðum þar sem umfang mengunar ákvarðast að mestu af afmörkuðum, nálægum iðnaðarupptökum eða iðnaðarsvæðum
- II.2.2.3. Bakgrunnur:
stöðvar sem eru hvorki í grennd við umferð né iðnað ⁽²⁾
- II.2.3. Frekari upplýsingar um stöðina
- II.2.3.1. Dæmigert svæði (geisli). Ef um stöðvar á umferðarsvæði er að ræða skal tilgreina lengd götu eða vegar sem stöðin er dæmigerð fyrir
- II.2.3.2. Stöðvar í þéttbýli og úthverfum
— íbúafjöldi bæjar eða borgar
- II.2.3.3. Stöðvar á umferðarsvæðum
— áætlaður umferðarþungi (meðalumferð á dag á ársgrundvelli)
— fjarlægð frá gangstéttarbrún
— hlutfall þungaflutningaumferðar
— umferðarhraði
— fjarlægð milli framhliða bygginga og hæð bygginganna (götugljúfur (street canyons))
— vidd götu eða vegar (götur sem mynda ekki slík gljúfur)
- II.2.3.4. Iðnaðarstöðvar
— tegund iðnaðar (kóðar flokkunarkerfis fyrir mengunarefni í andrúmslofti)
— fjarlægð til upptaka eða upptakasvæðis
- II.2.3.5. Bakgrunnsstöðvar í dreifbýli (undirflokkar)
— í grennd við borg eða bæ
— svæðisbundnar
— afskekktar
- III. UPPLÝSINGAR UM MÆLITÆKNI FYRIR EFNASAMBAND
- III.1. **Búnaður**
- III.1.1. Heiti
- III.1.2. Greiningar- eða mæliaðferð
- III.2. **Einkenni sýnatöku**
- III.2.1. Staðsetning sýnatökustaðar (á framhlið byggingar, gangstétt, við gangstéttarbrún, í húsagarði o.s.frv.)
- III.2.2. Hæð sýnatökustaðar
- III.2.3. Tegrunartími niðurstöðu
- III.2.4. Sýnatökutími

⁽¹⁾ Ef stöðin mælir óson skal leggja fram frekari upplýsingar um einkenni bakgrunnsins í dreifbýli (II.2.3.5).

⁽²⁾ Staðsettar þannig að mengunin sem mælist ráðist í meginatriðum ekki af neinum einstökum upptökum eða götu heldur stafí hún í heild frá öllum upptökum vindmegin við stöðina (t.d. allri umferð, brennslu o.s.frv. vindmegin við stöðina í borg eða bæ eða öllum upptakasvæðum vindmegin við stöðina (borgir, iðnaðarsvæði) á dreifbýlu svæði).

*III. VIÐAUKI***ADFERÐ VIÐ FULLGILDINGU GAGNA OG GÆDATRYGGING**

Öll innsend gögn teljast gild.

Aðildarríkin bera ábyrgð á að fyrir hendi sé gædatryggingaraðferð sem uppfyllir almennt þau markmið sem sett eru í þessari ákvörðun og einkum markmiðin í viðeigandi tilskipunum.

*IV. VIÐAUKI***VIÐMIÐANIR FYRIR SAMANTEKT GAGNA OG ÚTREIKNING Á TÖLFRÆÐILEGUM FÆRIBREYTTUM****Þessar viðmiðanir varða einkum gagnasöfnun**

Ef ekki hefur verið mælt fyrir um viðmiðanir að því er varðar samantekt gagna og útreikning á tölfræðilegum færíbreyttum í tilskipunum ESB gildir eftirfarandi:

a) Samantekt gagna

Viðmiðanir fyrir útreikning klukkustundar- og sólarhringsgilda út frá gögnum með skamman meðaltíma eru:

- | | |
|-----------------------------|--|
| — fyrir klukkustundargildi: | Gagnasöfnun að lágmarki 75%, |
| — fyrir sólarhringsgildi: | A.m.k. 13 klukkustundargildi liggja fyrir, ekki vantar fleiri en sex klukkustundargildi í röð. |

b) Útreikningur á tölfræðilegum færíbreyttum

- | | |
|---|------------------------------|
| — fyrir meðaltal og miðgildi: | gagnasöfnun að lágmarki 50%, |
| — fyrir hundraðshlutamörkin 98 og 99,9 og hæsta gildið: | lágmarksgagnasöfnun 75%, |

Hlutfallið milli fjölda gilda gagna fyrir viðkomandi tvær árstíðir getur ekki verið hærra en 2, þar eð árstíðirnar tvær skulu vera vetur (frá janúar til mars, að báðum mánuðum meðtöldum, og frá október til desember, að báðum mánuðum meðtöldum) og sumar (frá apríl til september, að báðum mánuðum meðtöldum).“
